



Til allra sveitarfélaga  
Bæjarstjórar/ sveitarstjórar

## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 23. nóvember 2015  
Tilv.: IRR15070121/6.12.0

Ráðuneytið tilkynnir hér með að með lögum nr. 84/2015 voru gerðar breytingar á lögræðislögum nr. 78/1997. Breytingarnar öðlast gildi 1. janúar 2016.

Ráðuneytið vekur einkum athygli sveitarfélaga á breytingum sem gerðar eru á ákvæðum laganna um nauðungarvistanir og sviptingu lögræðis. Þá munu verkefni er lúta að nauðungarvistunum flytjast frá ráðuneytinu til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um næstu áramót.

Breytingar á 4. gr. lögræðis laga fela m.a. í sér að ótímabundin svipting lögræðis verður ekki lengur heimil. Ótímabundnar sviptingar lögræðis, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laganna falla niður 1. janúar 2018. Þá verður ekki lengur heimilt að svipta einstakling sjálfræði af þeim sökum einum að hann eigi við ofdrykkju eða fíknivanda að stríða, heldur eingöngu samhliða öðrum ástæðum sem tilgreindar eru í a-c liðum 4. gr. laganna.

Um nauðungarvistanir er fjallað í III. kafla laganna. Sú breyting er gerð á 20. gr. að heimild til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun verður bundin við félagsþjónustu sveitarfélaga eða samsvarandi fulltrúa á dvalarstað varnaraðila. Felld er niður heimild aðstandenda til að leggja fram beiðni um nauðungarvistun. Í nefndaráliti með breytingum á lögræðislögum segir að forsendur fyrir þessum breytingum séu þær að sveitarfélög verði reiðubúin til að veita slíka þjónustu alla daga ársins, þ.e. einnig um helgar og á almennum frídögum.


Ráðuneytið vekur sérstaka athygli á því að breyting þessi felur í sér að sveitarfélög þurfa að tryggja að alla daga ársins sé unnt að ná í einstakling sem ber ábyrgð, f.h. sveitarfélags, á að leggja fram beiðni til sýslumanns um nauðungarvistun. Í þessu sambandi bendir ráðuneytið enn fremur á að samkvæmt breytingu á 19. gr. laganna hefur læknir heimild til að ákvarða nauðungarvistun einstaklings í hámark 72 klst. í stað 48 klst. eins og verið hefur.

Samkvæmt nýrri 29. gr. a verður heimilt, með úrskurði dómara, að framlengja nauðungarvistun í eitt skipti í allt að 12 vikur, að liðnum 21 sólarhring frá ákvörðun sýslumanns um nauðungarvistun. Beiðni um það verður bundin við sömu aðila og beiðni um nauðungarvistun, þ.e. félagsþjónustur.


Að lokum bendir ráðuneytið á að frá áramótum mun Þjóðskrá Íslands halda skrár um lögræðissvipta menn, lögráðamenn og ráðsmenn, í stað innanríkisráðuneytis.

Ef óskað er nánari upplýsinga vinsamlegast hafið samband við Fanneyju Óskarsdóttur í innanríkisráðuneytinu í síma 545 9000 eða á netfangið: fanney.oskarsdottir@irr.is.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Fanney Óskarsdóttir

Ljósrit: Samband íslenskra sveitarfélaga